



Fundur FFM haldinn 10. janúar 2018 kl.18.30 í Myllubakkaskóli

Mættir eru: Hjörleifur Hannesson formaður, Skúli Freyr Brynjólfsson gjaldkeri, Aníta Inga Arnarsdóttir varamaður, Ísak Þór Ragnarsson meðstjórnandi og Gunnhildur Þórðardóttir ritari sem ritar fundinn.

Dagskrá

Fundur settur kl. 18.35

1.Viðburðir framundan. Farið var yfir á fundinum þau verkefni sem var úthlutað á síðasta fundi, hvernig þau stæðu og hvað væri framundan.

40 ára afmæli FFM á skólaárinu 2017-2018.(Hjörleifur, Skúli, Bjarni Stefánsson)

Í tilefni afmælisins er búið að ákveða að safna fyrir klifurgrind og gefa nemendum skólans í vor. Bjarni Stefánson á hugmyndina og er búinn að safna áheitum frá fyrirtækjum um að styrkja verkefnið. Búið er að senda út geiðsluseðla fyrir þeim áheitum í nafni FFM (Skúli). Áætlað er að grindin kosti ca 2.000.000 kr og er búið að safna áheitum fyrir meira en helming.

Í mars mun verkefnið #Hollvinir Myllu verða kynnt með samstarfi við Víkurfréttir (Hjörleifur). Þar verður viðtal við þær sem stofnuðu FFM árið 1977, Bergþóru Bergsteinsdóttur og Drífu Sigfúsdóttur. Jafnframt verður rætt við aðila í núverandi stjórn og söfnunarátakið fyrir klifurgrindinni kynnt í tilefni afmælisins. Stofnuð verður Facebook grúbbba (Ísak) og öllum þeim sem verið hafa nemendur Myllu boðið að gerast þátttakendur og styrkja verkefnið um einhverja upphæð. Markmiðið er að styrkja fyrir ákveðinni upphæð og bjóða svo öllum að vera með þegar grindin verður tekin í notkun, kaffi og kaka.

Þorablót Myllubakkaskóla. (Hjörleifur og Gunnhildur)

Stefnt er að Þorablóti Myllu í lok Þorra. Fá aftur til verksins Skólamat og víkingana frá því í fyrra. Jafnframt leitast eftir því að fá einhvern góðan sögumann sem er til í að fjalla um Þorra, blót og matinn á skemmtilegan og fræðandi hátt. Nafn Höllu í leikfélaginu kom upp sem álitlegur kandidat.

Fundir með bekkjartenglum. (Karólína og Katrín)

Hvorug var á fundinum svo ekki er vitað hvort fundir hafa verið haldnir.

Íþróttadagurinn. (Aníta og Gunnhildur)

Ákveðið var að leita eftir öðru skemmtiatriði en Sirkus Ísland þetta árið, jafnvel söng og dansi, Jón Jónsson, Frikka Dór, Áttunni. Að öðru leyti munum við styrkja daginn aftur eins og í fyrra, með pylsum og pylsubrauðum.

2.10.bekkar styrkir.(Gunnhildur)

Ræða þarf við umsjónarkennara 10. bekkjar um að krafa fyrir styrk frá FFM tengist þátttöku í því starfi sem FFM stendur fyrir í skólanum. Í stað þess að nemendum fái styrk fyrir að sjá

um útiveru í einn dag þurfi nemendur að mæta til dæmis á Þorrablót og vera virkir í að smala á þessa viðburði.

Í framhaldi mætti ræða við 10.bekk um að hjálpa þeim við fjáröflun, td Kaffihúsakvöld og spilakvöld sem FFM myndi koma að, þar sem allur ágóði myndi renna til 10. bekkjar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.45.